

**Stefnumarkandi landsáætlun um
uppbyggingu innviða til verndar náttúru
og menningarsögulegum minjum.**

**VERKEFNAÁÆTLUN
2019-2021**

27. mars 2019

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

1. INNGANGUR

Hér er lögð fram framkvæmdaáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vegna áráanna 2019-2021. Þessi þriggja ára verkefnaáætlun leysir af hólmi áætlun fyrir 2018-2020 sem gefin var út í mars 2018.

Hér er einnig gerð grein fyrir því fjármagni sem ráðstafað hefur verið til áætlunarinnar og þeim verkefnum sem stefnt er að á tíma hennar.

Með þessari áætlun er haldið áfram að takast á við mikla og uppsafnaða þörf fyrir innviðauppbyggingu á svæðum sem búa við álag af völdum ferðamennsku. Jafnframt er vaxandi þörf á fjármagni til viðhalds og reksturs þeirra innviða sem byggðir hafa verið.

Vert er að nefna að með þessum tillögum og fjármagni er einungis hægt að mæta hluta þeirra verkefnatillagna á stöðum, leiðum og svæðum sem verkefnisstjórn taldi þörf á að byggja upp, lagfæra eða verja fyrir ágangi. Jafnframt er einungis hægt að ráðast í takmarkaðan hluta þeirra nauðsynlegu innviðaverkefna á stöðum, leiðum og svæðum áætlunarinnar, svo og landvörslu. Verkefni áætlunarinnar munu því ekki ljúka uppbyggingu staða eða leiða, heldur ná einungis til afmarkaðra innviða innan þeirra.

2. SAMÞYKKT STEFNUMÓTUN

Þessi framkvæmdaáætlun styður við stefnu stjórnvalda á sviði uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum í náttúru landsins, en þann 11. júní 2018 samþykkti Alþingi þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029 á grundvelli laga nr. 20/2016. Þar ályktaði Alþingi að á árunum 2018–2029 yrði unnið að uppbyggingu innviða í samræmi við áætlunina sem felur í sér markmið um: a. stýringu og sjálfbæra þróun, b. vernd náttúru og menningarsögulegra minja, c. öryggismál, d. skipulag og hönnun, og e. ferðamannaleiðir.

Til leiðsagnar við gerð landsáætlunar setti umhverfis- og auðlindaráðherra jafnframt fram eftirfarandi stefnumótandi áherslur:

- Að lögð sé sérstök áhersla á að sinna stöðum og svæðum sem eru friðlýst og vernd þeirra minja sem þar eru.
- Að jafnframt sé lögð áhersla á þá staði og svæði sem eru undir miklu álagi vegna ferðamanna og náttúra og minjar hafa látið á sjá.
- Að áhersla sé lögð á eflingu landvörslu sem aðgerðar til verndar náttúru og minja auk eftirlits og þjónustu.
- Að áhersla sé lögð á að útfæra leiðir til stýringar á umferð ferðamanna í þágu verndar náttúru og minja og verði það gert með tilliti til almennaréttar.
- Að lögð sé áhersla á að áætlunin stuðli að aukinni fagmennsku, vandaðri hönnun sem fellur vel að landslagi, bættu skipulagi og góðum vinnubrögðum við uppbyggingu innviða.
- Að unnið sé að langtímasýn, samræmingu vinnu og samhæfingu þeirra aðila sem koma að vernd náttúru og minja.

3. ÁÆTLUN UM FJÁRMÖGNUN

Í fjárlögum vegna ársins 2019 og fjármálaáætlun fyrir næstu ár er gert ráð fyrir vaxandi árlegu framlagi til landsáætlunar. Þannig er þessi þriggja ára verkefnaáætlun vegna áráanna 2019-2021 lögð upp með ráðstöfun á 3.059 m.kr. til verkefna í samræmi við ákvæði laga nr. 20/2016 og fyrirbyggjandi stefnumótun (Tafla 1).

Tafla 1. Fjármögnun landsáætlunar 2019-2021.

Ár	Fjárlög 2019 og fjármálaáætlun 2020-2021
2019	877.000.000
2020	1.052.000.000
2021	1.130.000.000
Samtals	3.059.000.000

4. TILLAGA AÐ RÁÐSTÖFUN

Verkefnisstjórn gerir tillögu að eftirfarandi ráðstöfun fjármuna vegna 2019-2021.

Langstærsti hluti fjármagns landsáætlunar um innviði fer til uppbyggingar efnislegra innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannstöðum. Er gert ráð fyrir um 2580 m.kr. til slíkra verkefna. Gert er ráð fyrir fjármagni til landvörslu sem nemur um 120 m.kr. sem leggst við þá landvörslu sem fyrir er á vegum stofnana ríkisins. Nánar er gerð grein fyrir ráðstöfun fjármuna til innviða og landvörslu í þessari greinargerð.

Landsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir ýmsum óstaðbundnum verkefnum sem gagnast öllum stöðum, ekki síst vegna samræmingar, góðrar hönnunar og áherslu á fagmennsku við innviðauppbyggingu. Nema þau um 20 m.kr. árlega.

Fyrir hvert ár er jafnframt gert ráð fyrir fjármagni til að takast á við ófyrirséð verkefni, bráðaágerðir og ný friðlýst svæði. Undir þetta geta fallið ófyrirséð verkefni sem geta tengst aðstæðum í náttúru, s.s. aurbleytu, og lokunum í tengslum við þær. Einnig geta ófyrirséð verkefni lotið að viðgerð fráveitna og salerna. Loks þarf að gera ráð fyrir viðbót nýrra svæða eða verkefna við áætlunina innan gildistíma hennar, en oft getur þurft að bregðast hratt við nýjum aðstæðum og stórauknu álagi. eru þetta 30 m.kr. vegna ársins 2019, 100 m.kr. vegna ársins 2020 og 162 m.kr. vegna ársins 2021, samtals 292 m.kr.

Tafla 2. Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2019-2021

Verkefni 2019-2021	Fjármunir
Efnislegir innviðir	2.580.198.000
Landvarsla	120.000.000
Óstaðbundin verkefni	60.000.000
Bráðaágerðir, ný friðlýst svæði, o.fl.	292.000.000
Samtals	3.052.198.000

5. ÓSTAÐBUNDIN ÁHERSLUVERKEFNI 2019-2021

Lagt er til fjármagn til nokkurra óstaðbundinna áhersluverkefna á áætluninni fyrir árin 2019-2021. Slík verkefni eiga að ná fram markmiðum laganna, án þess að tengjast beint tilteknum stöðum og vinnur verkefnisstjórn að útfærslu þeirra með viðkomandi ábyrgðaraðilum. Til ráðstöfunar eru samtals 60 m.kr. til slíkra verkefna á tímabilinu eða að jafnaði 20 m.kr. á ári.

Tafla 3. Óstaðbundin áhersluverkefni 2019-2021

	Verkefni	Markmið	Aðilar
1	Aukin fagþekking, bætt hönnun og samræming við innviðauppgöngu	-Að efla fagþekkingu þeirra aðila sem vinna að uppbyggingu innviða. Með því er hægt að auka gæði innviðauppgöngu, draga úr hættu á ónáuðsynlegu raski og nýta fjármagn betur. -Að auka fagþekkingu á sviði hönnunar innviða í náttúrunni þannig að þeir falli sem best að landslagi og stuðli að jákvæðri upplifun gesta. -Að samræma yfirbragð miðlunar og merkinga milli aðila sem bera umsjónarlega ábyrgð.	Samstarfshópur um eflingu fagþekkingar, hönnunar og samræmingu við uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum (skipaður þann 30. apríl 2018)
2	Þróunarverkefni um gönguleiðir	Að til verði vel skipulagt net ákveðinna ferðamannaleiða með skilgreindri umsjónarlegri ábyrgð og fullnægjandi innviðum.	Vinnuhópur um gönguleiðir
3	Sjálfbærni ferðamannastaða	Að stuðlað sé að því að ferðamannastaðir sem tengjast áætluninni séu til fyrirmyndar hvað sjálfbærni varðar s.s. hvað varðar flokkun úrgangs, framboð af drykkjarvatni og hleðslu rafbíla. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum styrkjum af landsáætlun til slíkra verkefna, heldur að tryggja samræmi við aðrar áætlanir.	Verkefnisstjórn
4	Framkvæmd stefnumótandi landsáætlunar 2018-2029	Ýmis verkefni við framkvæmd og eftirfylgni stefnumótandi landsáætlunar, s.s. vegna vinnuhópa og útgáfu.	Verkefnisstjórn

6. LANDVARSLA

Nokkur breyting hefur orðið á fjárveitingum til landvörslu frá útgáfu fyrri áætlunar. Frá og með árinu 2019 er gert ráð fyrir auknum fjármunum beint til þeirra stofnana ríkisins sem á henni bera mesta ábyrgð. Þessar fjárveitingar koma til viðbótar þeirri landvörslu sem fyrir var í rekstri viðkomandi stofnana. Þannig er áætlað að draga muni úr þörf á því að fjármagna landvörslu af því fjármagni sem landsáætlun hefur til ráðstöfunar.

Með þessu mun landvarsla halda áfram að eflast á tímabilinu og ná til fleiri svæða í öllum landshlutum.

Aukning landvörslu og styrking umsjónar á stöðum er mikilvægt viðbragð í ljósi viðfangsefnis landsáætlunar, enda er landvarsla skilvirk aðgerð samanborið við uppbyggingu efnislegra innviða og skilar hún árangri um leið og landvörður er farinn að starfa á vettvangi. Með markvissri landvörslu er hægt að bæta stýringu umferðar ferðamanna innan svæða, auka öryggi ferðamanna og bæta upplýsingagjöf til þeirra. Þannig er jafnframt hægt að þjóna svæðum þar sem ekki verða fjárhagslegar og/eða skipulagstengdar forsendur til að vinna að neinum stærri verkefnum á árunum 2019-2021. Auk þess er landvarsla heppilegur innviður á stöðum þar sem breytingar standa fyrir dyrum á eignarhaldi eða umsjón; þar sem ekki ríkir einhugur um uppbyggingu efnislegra innviða; eða þar sem deilur standa um ábyrgð eða eignarhald.

Tafla 4. Fjármögnun aukinnar landvörslu 2019-2021

Ár	Af fjárheimildum innviðaáætlunar m.kr.	Framlög til stofnana m.kr.	Samtals m.kr.
2018	200		200
2019	120	200	320
2020		500	500
2021		500	500
Samtals			1.520

Á framkvæmdaáætlun vegna árána 2019-2021 er gert ráð fyrir 120 m.kr. til aukinnar landvörslu af fjárheimildum landsáætlunar. Frá og með árinu 2020 er síðan gert ráð fyrir 500 m.kr. árlega til landvörslu til stofnana og er þá ekki gert ráð fyrir þörf á fjármunum af landsáætlun um innviði til landvörslu.

Þeim 120 m.kr. sem eru til ráðstöfunar 2019 til landsvörslu af landsáætlun er að mestu varið til landvörslu á svæðum sem ekki eru formlega á ábyrgð stjórnvalda.

7. STAÐIR TIL SÉRSTAKRAR SKOÐUNAR

Til viðbótar meðfylgjandi listum yfir staði eru hér tilgreindir staðir til viðbótar, en ástæða er til að hafa þá til sérstakrar skoðunar á gildistíma áætlunarinnar. Fylgjast þarf með ástandi og þróun þeirra með tilliti til mögulegrar innviðaþarfar í tengslum við landsáætlun. Þessir staðir eru Blábjörg (friðlýst svæði), Helgustaðanáma (friðlýst svæði), Flatey (vesturhluti, utan friðlands), Hjörleifshöfði, Glymur, Goðafoss, Kirkjufellsfoss, Hofsstadir (friðlýstar menningarminjar), Skálar á Langanesi, Brúarfoss, Sólheimajökull og Reykjanesfólkvangur (Leiðarendi; Stapar við Kleifarvatn; Vigðisarvellir). Á mörgum þessara staða er jafnframt lögð áhersla á landvörslu og eflingu hennar.

8. TILLÖGUR AÐ ÁHERSLUM ÁRIN 2019-2021

8.1. Ferðamannastaðir og -svæði

Hér fylgir yfirlit yfir þá ferðamannastaði sem aðild eiga að landsáætlun og stutt lýsing á þeim aðgerðum sem ráðast á í á tímabili þessarar framkvæmdaáætlunar (2019-2021). Áætlunin er unnin á grunni forgangsröðunar og í samræmi við fjármögnun áætlunarinnar.

Verkefnaáætlun fyrir árin 2018-2020 kom út í mars 2018 og hófst endurskoðun hennar haustið 2018. Umsjónaraðilar staða sendu að beiðni verkefnisstjórnar inn ítarleg gögn vegna hennar og hófst yfirferð gagna í janúar 2019. Alls bárust tillögur um 185 ný verkefni og 45 nýja staði/leiðir/svæði til viðbótar þeim sem á áætluninni voru fyrir. Forgangsröðun staða og verkefna var unnin á grunni stefnumarkandi landsáætlunar sem samþykkt var af Alþingi í júní 2018.

Ferðamannastaðir, ferðamannaleiðir og ferðamannasvæði á landsáætlun, þar sem aðgerðir hafa þegar hafist fyrir tilstuðlan landsáætlunar eða eru fyrirhugaðar til og með ársins 2021, eru nú 100 talsins. Hefur þeim fjölgað um 28 frá fyrri áætlun.

Tíu af þessum 100 stöðum voru eingöngu á áætlun ársins 2018 en aðgerðum er ýmist lokið í bili eða er að ljúka. Þessir staðir eru samt áfram viðföng landsáætlunar að svo stöddu

Í fyrri áætlun voru tilteknir 11 staðir sem taka skyldi til skoðunar við næstu endurskoðun. Fengu þeir sérstaka umfjöllun við endurskoðun og hlutu fjórir þeirra aðild að landsáætlun. Aðrir staðir verða áfram til skoðunar (sbr. 7. kafla hér að ofan) og nýir staðir hafa bæst við.

Einnig hafði verkefnisstjórnin til hliðsjónar í sinni vinnu áfangastaðaáætlanir (DMP) fyrir landshluta, sem kynntar voru sl. haust. Í fæstum þessara áætlana kemur hins vegar fram skýr forgangsröðun framkvæmda á ferðamannastöðum í viðkomandi landshluta.

Í þessari áætlun eru nokkur verkefni sem lúta að ferðamannasvæðum en ekki einstaka stöðum. Um getur verið að ræða verkefni um bættar merkingar innan tiltekins stjórnunarsvæðis, endurbætur og tengingar náttúrustíga innan svæðis, styrking umgjarðar um minjaheildir undir álagi af völdum ferðamennsku, o.fl. Áfram verður unnið með svæðanálgun og viðfangsefnið þróað frekar fyrir næstu endurskoðun áætlunarinnar.

Ferðamannastaðir eru sýndir á kortum sem skipt er upp eftir landshlutum. Ljóst er að uppsöfnuð þörf fyrir innviðauppbýggingu er mikil um allt land en þó mest á Suðurlandi og þ.a.l. eru flestir staðir á því landsvæði. Á Suðurlandi er jafnframt að finna mjög stóra ferðamannastaði og mun uppbygging staða af þeirri stærðargráðu kalla á sérstaka nálgun, s.s. staðbundna framkvæmdaáætlun.



Mynd 1: Skipting landshluta í landsáætlun. Skipting byggir á svæðum landshlutasamtaka og er hún höfð til hliðsjónar við skipulag landvörslu og uppbyggingu efnislegra innviða. Suðurnes og höfuðborgarsvæðið eru sameinuð í einn landshluta, Suðvesturland.

Unnið verður að nánari útfærslu verkefna og verkáætlana í samvinnu við viðkomandi umsjónaraðila.

Hefðbundnir fyrirvarar eru settir um breyttar forsendur á innleiðingartíma áætlunarinnar hvað varðar staði, verkefni, fjármögnun og aðra þætti sem lúta að breytingu á umsjón, eignarhaldi og samningum um framkvæmd verkefna.


Áætlunin verður endurskoðuð reglulega í takt við þætti eins og þróun álags og ástandsmat á stöðum.

8.1.1. Vesturland

Tafla 5: Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum á Vesturlandi árin 2019-2021. Grái dálkurinn sýnir þá fjármuni sem ráðstafað var til viðkomandi staðar árið 2018. Árin 2019 og 2020 eru sameinuð í einn dálk.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2018	2019	2020-2021
Arnarstapi - Hellnar	Umhverfisstofnun	Friðland	Varanlegur göngustígur, útsýnispallur, endurnýjun útsýnispalls, bættar merkingar og bætt öryggi.	12.300.000	6.000.000	1.500.000
Búðir (friðland) – nýr staður	Umhverfisstofnun	Friðland	Gönguleiðir um hraunið, endurnýjun merkinga.	0	1.500.000	3.500.000
Eldborg í Hnappadal	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Endurbætur á göngustíg, lokun aflögustíga, uppgræðsla, merkingar.	0	4.600.000	0
Gamla Brekkurétt við Grábrók	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á jaðri svæðis á Náttúruminjaskrá	Göngustígar, merkingar.	6.000.000	0	0
Glanni-Paradísarlaut	Borgarbyggð	Á jaðri svæðis á Náttúruminjaskrá	Bætt salernisaðstaða og bílastæði.	0	7.400.000	5.600.000
Grábrók	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Áframhald uppbyggingar göngupalls frá bílastæði upp á topp Grábrókar, tenging göngustígs við Gömlu Brekkurétt, lagfæring bílastæðis, merkingar.	0	7.800.000	3.000.000
Hraunfossar - Barnafoss	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Lagfæring gróðurskemmda, merkingar (umgengnisreglur).	0	1.600.000	400.000

Krosslaug í Lundareykjadal – nýr staður	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Náttúrustígur umhverfis laugina, merkingar (umgengnisreglur).	0	0	2.000.000
Snorralaug og minjasvæðið í Reykholti	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar og nærri svæði á Náttúruminjaskrá	Lagfæring minja og umhverfis	5.000.000	0	0
SurtsHELLIR (Vígishellir, afhellir)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á Náttúruminjaskrá	Verndaráætlun	2.000.000	0	0
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Djúpalónssandur	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Endurnýjun salerna, stækkun bílastæðis, merkingar (m.a. öryggismál), bætt gönguleið.	26.500.000	40.600.000	5.600.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Malarrif	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Framkvæmdir við umhverfi gestastofu, m.a. malbikun bílastæðis og göngustígatenging við Svalpúfu.	38.000.000	9.000.000	57.000.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Saxhóll – nýr staður	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Bætt bílastæði, útsýnispallur, merkingar.	0	6.500.000	23.300.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Skarðsvík – nýr staður	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Stækkun og malbikun bílastæðis.	0	0	15.000.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Svalpúfa – nýr staður	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Útsýnispallur, öryggisgirðingar, merkingar.	0	1.500.000	9.500.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Öndverðarnes	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Bættur göngustígur	0	0	2.000.000
Samtals				89.800.000	86.500.000	128.400.000




Mynd 2: Vesturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2019-2021.

Vestfirðir

Tafla 6: Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum á Vestfjörðum árin 2019-2021. Grái dálkurinn sýnir þá fjármuni sem ráðstafað var til viðkomandi staðar árið 2018. Árin 2019 og 2020 eru sameinuð í einn dálk.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2018	2019	2020-2021
Dynjandi	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Nýtt salernishús og lagnir, umbætur á göngustíg frá bílastæði, nýir útsýnispallar.	50.000.000	16.850.000	39.790.000
Flateyjarfriðland	Umhverfisstofnun	Friðland	Merkingar	500.000	0	0
Friðland Hornstrandir / Hesteyri	Umhverfisstofnun	Friðland	Íverustaður landvarða, viðhald göngustíga, merkingar.	0	7.200.000	10.400.000
Látrabjarg (Bjargtangar og Brunnar í Látravík)	Umhverfisstofnun	Á Náttúruminjasrá og í friðlýsingarferli	Uppbygging og viðhald göngustíga, merkingar, önnur uppbygging innviða í samvinnu við landeigendur.	3.072.800	0	30.927.200
Litlibær í Skötufirði	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafríðun)	Skipulag, hönnun og uppbygging þjónustuhúss í endurbyggðri hlöðu. Rotþró og lagnir. Merkingar og göngustígar.	4.000.000	15.000.000	17.465.000
Skrúður í Dýrafirði - skrúðgarður	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Verndaráætlun	2.000.000	0	0
Vatnsfjörður	Umhverfisstofnun	Friðland	Göngustígar (viðhald, ný hringleið) og merkingar.	1.750.000	900.000	4.050.000
Samtals				61.322.800	39.950.000	102.632.200




Mynd 3: Vestfirðir – staðir í áætluninni fyrir árin 2019-2021.

Norðvesturland

Tafla 7: Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum á Norðvesturlandi árin 2019-2021. Grái dálkurinn sýnir þá fjármuni sem ráðstafað var til viðkomandi staðar árið 2018. Árin 2019 og 2020 eru sameinuð í einn dálk.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2018	2019	2020-2021
Borgarvirki	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á Náttúruminjaskrá	Stækkun og frágangur bílastæðis, nýr göngustígur frá bílastæði, stálstigi með trétröppum, smærri stígar, lagfæring minja og hleðslna.	0	40.650.000	0
Hegranesþing í Skagafirði – nýr staður	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Verndaraðgerðir, afmörkun minja.	0	0	1.000.000
Hveravellir	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Viðhald á göngustígum	0	1.000.000	1.000.000
Hvítserkur	Húnaþing vestra	Á Náttúruminjaskrá	Hönnun, smíði og uppsetning á tröppum niður í fjöru frá útsýnispalli.	1.000.000	11.000.000	9.000.000
Þrístapar	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Lagfæring minja, bætt upplýsingagjöf um fornminjar á staðnum.	0	0	2.500.000
Örlygsstaðir í Skagafirði – nýr staður	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Verndaraðgerðir, afmörkun minja.	0	0	1.400.000
Samtals				1.000.000	52.650.000	14.900.000




Mynd 4: Norðvesturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2019-2021.

Norðausturland

Tafla 8: Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum á Norðausturlandi árin 2019-2021. Grái dálkurinn sýnir þá fjármuni sem ráðstafað var til viðkomandi staðar árið 2018. Árin 2019 og 2020 eru sameinuð í einn dálk.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2018	2019	2020-2021
Ásbyrgi	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Bílastæði, göngu- og hjólastígar.	40.000.000	25.000.000	0
Dettifoss vestan	Vatnajökulsþjóðgarður	Í jaðri/umsjá þjóðgarðs	Framkvæmdir skv. deiliskipulagi: Göngupallar 3., 4. og 5. áfangi, undirbúningur nýs þjónustusvæðis, þurrsalernisaðstaða.	15.000.000	20.000.000	152.000.000
Dimmuborgir	Landgræðsla ríkisins	Friðlýst sem náttúruvætti	Lokafrágangur bílastæðis, malbikun göngustíga, göngu- og hjólaleið frá þjóðvegi, útsýnisstaðir, umbætur á hreinlætisaðstöðu, viðgerðir og lagfæringar á stígum.	26.000.000	9.050.000	11.200.000
Friðland Svarfdæla – nýr staður	Umhverfisstofnun	Friðland	Endurnýjun og uppbygging stígs milli Hánefsstaðaskógar og Húsabakka	0	0	4.733.000
Gásir	Mínjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á Náttúruminjaskrá	Uppfærsla deiliskipulags, hönnun og verndaráætlun.	0	1.000.000	2.000.000
Herðubreið, Gljúfrasmíður, Herðubreiðarlindir og Grafarlönd – nýtt svæði	Vatnajökulsþjóðgarður	Friðlýst og í jaðri/umsjá þjóðgarðs	Bættar merkingar á svæðinu (skilti og vegvísar)	0	0	5.130.000
Hólmatungur – nýr staður	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Þurrsalerni	0	8.040.000	20.000.000
Jökulsárgljúfur – ný hjólaleið	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Stígur frá Ási við Ásbyrgi í átta ð Dettifossi gerður aðgengilegur hjólreiðafólki og	0	0	10.000.000

			umferð gangandi og hjólandi ferðafólks þannig aðgreind. 1. áfangi.			
Kálfaströnd, Klasar	Umhverfisstofnun	Vernd skv. sérlægum	Lokafrágangur stíga og hleðslna	4.200.000	0	0
Mývatn og Laxá stjórnunarsvæði - Dimmuborgir, Hverfjall og Skútustaðagígur	Umhverfisstofnun		Aðkomumerkingar við friðlýst svæði	0	1.660.000	0
Skútustaðagígur	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Merkingar, vegvísar, endurbætur og frágangur á göngustíg.	2.500.000	2.900.000	0
Vaglaskógur	Skógræktin	Önnur flokkun	Hönnun og bygging þjónustuhúss – eldaskála	2.000.000	5.500.000	35.000.000
Vesturdalur / Langavatnshöfði	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Upplýsingamiðstöð, þurrsalerni, malbikaður stígur frá bílastæði, útsýnispallur á Langavatnshöfða.	0	30.000.000	37.500.000
Vikraborgir	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Göngupallar og frágangur	0	15.000.000	0
Samtals				89.700.000	118.150.000	277.563.000




Mynd 5: Norðausturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2019-2021.

Austurland

Tafla 9: Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum á Austurlandi árin 2019-2021. Grái dálkurinn sýnir þá fjármuni sem ráðstafað var til viðkomandi staðar árið 2018. Árin 2019 og 2020 eru sameinuð í einn dálk.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2018	2019	2020-2021
Blanda við Geldingafell	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Göngubrú og stígagerð	0	15.000.000	0
Djárnadys í Hamarsfirði	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á Náttúruminjaskrá	Skilti og afmörkun umhverfis dysina vegna umgengni.	1.000.000	0	0
Fjárnborg í Mjóafirði	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Lagfæring á hleðslum, merkingar (umgengnisreglur).	0	0	6.000.000
Galtastaðir fram	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafriðun)	Deiliskipulag, bílastæði, merkingar, göngustígur, girðing.	2.000.000	0	9.250.000
Hallormsstaðaskógur	Skógræktin	Friðaður skógur skv. sérlögum	Lokahönnun á þjónustuhúsi	0	1.500.000	0
Hengifoss	Fljótsdalshreppur	Á Náttúruminjaskrá	Stækkun bílastæðis 2. áfangi, viðhald göngustíga.	0	0	10.000.000
Hólmanes – nýr staður	Umhverfisstofnun	Friðland og fólkvangur	Aðgerðir skv. stjórnunar- og verndaráætlun (merkingar, öryggismál, verndaraðgerðir).		1.540.000	0
Krepputunga	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Þurrsalerni við Kverkjökul	0	0	25.000.000
Teigarhorn	Djúpavogshreppur	Fólkvangur	Uppbygging þjónustuhúss að Teigarhorni í samstarfi ríkis og sveitarfélags	0	5.000.000	59.000.000
	Umhverfisstofnun	Náttúruvætti	Girðingar, merkingar.	0	1.600.000	1.100.000
Samtals				3.000.000	24.640.000	110.350.000



Mynd 6: Austurland – staðir í áætluninni fyrir árin 2019-2021.

Suðurland

Tafla 10: Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum á Suðurlandi árin 2019-2021. Grái dálkurinn sýnir þá fjármuni sem ráðstafað var til viðkomandi staðar árið 2018. Árin 2019 og 2020 eru sameinuð í einn dálk.


Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2018	2019	2020-2021
Álftaversgígar	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Greiningarvinna og skipulag.	0	3.000.000	0
Dverghamrar	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Framhald á uppbyggingu göngustígar (hringleiðar)	0	8.900.000	0
Dyrhólaey	Umhverfisstofnun	Friðland	Áframhaldandi uppbygging innviða: endurskoðun deiliskipulags, endurbætur og viðhald göngustíga, stígatengingar milli staða, lokafrágangur bílastæðis, merkingar, girðingar.	8.700.000	8.000.000	146.005.000
Fjaðrárgljúfur	Umhverfisstofnun	Á Náttúruminjaskrá	Bráðaaðgerðir til verndar gróðurs, endurheimt gróðurs, endurskoðun á deiliskipulagi, gerð göngustígs. <i>Ath. með fyrirvara um samþykki landeigenda.</i>	10.000.000	5.000.000	58.160.000
Friðland að fjallabaki – allt stjórnunarsvæðið	Umhverfisstofnun	Friðland	Bættar merkingar á svæðinu. Viðhald og styrking eldri göngustíga.	4.900.000	0	40.500.000
Friðland að fjallabaki / Landmannahellir	Umhverfisstofnun	Friðland	Hönnun og skipulag á gönguleiðum út frá Landmannahelli og stýringu á margskonar umferð um svæðið.	0	2.600.000	0
Friðland að fjallabaki / Landmannalaug	Umhverfisstofnun	Friðland	Endurnýjun göngustígs við laugina, girðingar.	0	2.110.000	16.900.000
Friðland að fjallabaki / Laugahringur, Laugavegur	Umhverfisstofnun	Friðland	Annar áfangi lagfæringar á göngustíg um Laugaveg frá Vondugiljaaurum að Brennisteinsöldu.	0	0	51.000.000

Friðland að fjallabaki / Laugavegur - leið	Umhverfisstofnun	Friðland	Áframhald stígagerðar frá Laugahrauni að Hrafninnuskeri. Árlegt viðhald náttúrustíga.	750.000	30.750.000	750.000
Friðland að fjallabaki / Rauðufossar	Umhverfisstofnun	Friðland	Skipulag og hönnun vegna Rauðufossa í Friðlandi að fjallabaki á grunni tillagna að verndarinnviðum.	0	3.000.000	0
Geysir	Umhverfisstofnun	Á náttúruminjaskrá, er í friðlýsingarferli	Hönnun og framkvæmdir innan Geysissvæðis á grunni deiliskipulags.	50.000.000	24.750.000	74.750.000
Gjáin í Þjorsárdal	Umhverfisstofnun	Á Náttúruminjaskrá og í friðlýsingarferli	Verndaraðgerðir í Gjáinni, merkingar, afmarkanir.	800.000	7.200.000	0
Gullfoss	Umhverfisstofnun	Friðland	Framkvæmdir á grunni deiliskipulags: Endurnýjun stíga og torgs (G1, G2), endurnýjun útsýnispalls (D1), nýr stígur (A1 frá D2), merkingar, girðingar, skemma fyrir sand og vinnuvélar.	128.844.000	28.750.000	25.000.000
Haukadalsskógur	Skógræktin	Nærri jaðri svæðis á Náttúruminjaskrá	Bætt salernisaðstaða	1.000.000	0	0
Heinabergslón – nýr staður	Vatnajökulspjóðgarður	Þjóðgarður	Þurrsalerni	0	16.744.000	0
Hjálparfoss	Skógræktin	Á Náttúruminjaskrá	Bætt salernisaðstaða, viðhald gönguleiða og aðstöðu.	2.000.000	9.000.000	2.000.000
Ingólfshöfði – nýr staður	Umhverfisstofnun	Friðland	Lagfæringar á stígum, merkingar.	0	0	2.970.000
Jökulsárlón	Vatnajökulspjóðgarður	Þjóðgarður	Bráðabirgðainnviðir (gestasalerni og aðstaða landvarða). Framkvæmdir á grunni sérstakrar áætlunar, væntanlegs deiliskipulags og stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins.	25.000.000	31.650.000	100.000.000

Keldur á Rangárvöllum	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafríðun)	Deiliskipulag, stækkun og frágangur bílastæðis sunnan heimreiðar, bygging salernis- og þjónustuhúss.	1.000.000	600.000	28.328.000
Kerlingarfjöll – nýr staður	Umhverfisstofnun	Í friðlýsingarferli sem landslandsverndarfl. og í tengslum við Rammaáætlun 2.	Aðkomu- og upplýsingaskilti auk lokunarslár við setursleið og leiðina vestan með Kerlingarfjöllum.	0	300.000	2.300.000
Kirkjugólf	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Afmörkun gönguleiða og lokun aflögustíga	0	5.301.000	0
Kolgríma – nýr staður	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Lagfæringar á göngubrú yfir Kolgrímu	0	3.100.000	0
Laugarvatn	Skógræktin	Á Náttúruminjaskrá	Aðgengi fyrir alla frá bílastæði, lokafrágangur eldaskála, uppbygging og viðhald gönguleiða.	2.500.000	3.500.000	2.000.000
Laugavegur, frá Landmannalaugum í Þórsmörk - leið	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Friðland, á náttúruminjaskrá	Laugavegur - Tilraunaverkefni um gönguleiðir.	0	10.000.000	20.000.000
Reykjadalur	Sveitarfélagið Ölfus	Á Náttúruminjaskrá	Áframhaldandi lagfæring á stígum/viðhald	0	0	15.000.000
Rútshellir	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar og nærri svæði á Náttúruminjaskrá	Lokafrágangur þannig að hann geti verið opinn ferðamönnum á öruggan hátt.	5.100.000	0	0
Sandfell í Örafum	Vatnajökulsþjóðgarður	í jaðri/umsjá þjóðgarðs	Salerni við upphaf gönguleiðar	0	0	10.000.000
Skaftafell – nýr staður	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Framkvæmdir í Skaftafelli á grunni áætlunar, m.a. úrbætur í fráveitumálum.	0	30.000.000	100.000.000
Skaftafellsheiði	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Endurbætur á heiðinni og tröppur	0	0	10.000.000

Skaftáreldahraun	Skaftárhreppur	Á Náttúruminjaskrá (hluti hrauns), hluti innan Þjóðgarðs	Girðingar, merkingar, endurheimt mosabekju, greiningarvinna og uppfærsla deiliskipulags.	0	6.000.000	2.000.000
Skálholt	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Endurbætur innviða, bætt aðgengi og miðlun á uppgraftarsvæðinu í samræmi við óloknað gerðir 1-5 sem tilteknar eru í verndaráætlun.	13.000.000	0	0
Skógafoss / láglendi	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Bráðaaðgerðir vegna ástands gróðurs, hönnun og gerð á bílastæði, nýjum tröppum, malbikuðum stíg frá Þjónustuhúsi að fossi, merkingar.	4.614.789	2.000.000	117.000.000
Skógafoss / Skógaheiði	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Áframhaldandi vinna við gerð göngustíga, viðhald, gerð tengistíga og lokun aflögustíga.	5.100.000	20.000.000	75.000.000
Stöng í Þjorsárdal	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Greiningarvinna fyrir minjasvæðið að Stöng, göngustígur um bæjarhól, merkingar, lagfæring byggingar sem verndar rústir Þjóðveldisbæjar.	5.000.000	35.000.000	0
Svarthöfði við Vonarskarð - Kolugil	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Þurrsalerni	0	20.000.000	0
Systrafoss - skógarreitir	Skógræktin	Önnur flokkun	Endurbætur og viðhald á gönguleið og umhverfi	1.000.000	1.000.000	2.000.000
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum / Þinghelgi	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarður	Deiliskipulag áfangi 1. og 2. Endurbygging göngupalls að Öxarárfossi. Styrking og uppbygging göngustíga í sunnanverðri Þinghelgi. Gönguleið úr Stekkjargjá, tenging við Vallakrók. Bætt salernisaðstaða.	25.000.000	10.000.000	197.500.000
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum / Þingvallahraun	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarður	1., 2., 3., og 4. áfangi í uppbyggingu stígakerfis í Þingvallahrauni, malarstígar. Hönnun og fyrstu	10.000.000	15.000.000	35.000.000

			útfærslur göngustígs og útsýnispalls við Hrafnagjá.			
Þjórsárdalur – minjasvæði	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Gerð verndaráætlunar fyrir Þjórsárdal á grundvelli friðlýstra þjóðminja.	0	3.500.000	0
Þjórsárver – nýr staður	Umhverfisstofnun	Friðland	Merkingar	0	450.000	2.500.000
Þórsmörk og Goðaland	Skógræktin	Á Náttúruminjaskrá	Merkingar, nýframkvæmdir og árlegt viðhald gönguleiða	15.000.000	15.000.000	31.600.000
Ægissíðuhellar (Hlöðuhellir, Fjánhellir og Fjóshellir) – <i>nýtt svæði</i>	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Standsetning manngerðra hella, bætt aðgengi (hellulögn, malarlag, náttúrustígur).	0	3.525.000	7.970.000
Samtals				319.308.789	365.730.000	1.176.233.000




Mynd 7: Suðurland – staðir í áætluninni fyrir árin 2019-2021.

Suðvesturland

Tafla 11: Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum á Suðvesturlandi árin 2019-2021. Grái dálkurinn sýnir þá fjármuni sem ráðstafað var til viðkomandi staðar árið 2018. Árin 2019 og 2020 eru sameinuð í einn dálk.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2018	2019	2020-2021
Álafoss – nýr staður	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Timburpallur, brú úr timbri, malarstígur við áningarstað og að efra svæði.	0	1.500.000	14.000.000
Eldvörp	Grindavíkurbær	Á Náttúruminjaskrá	Hönnun og gerð göngustígar meðfram gígaröðinni.	0	4.000.000	0
Gunnhver	Grindavíkurbær	Á Náttúruminjaskrá	Stækkun bílastæðis, viðhald á útsýnispalli og göngustígum.	0	14.000.000	0
Kinnargjár á Reykjanesi – nýr staður	Reykjanesbær	Á Náttúruminjaskrá	Endurbætur á göngustígakerfi (Brúin milli heimsálfa).	0	0	41.000.000
Krýsuvíkurbjarg	Hafnarfjarðarkaupstaður	Fólkvangur	Deiliskipulag, merkingar, lagfæringar og afmarkanir gönguleiða, formun bílastæðis, gerð áningarsvæðis.	3.000.000	4.000.000	1.000.000
Tungufoss – nýr staður	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Göngustígur með tröppum frá útsýnisvæði niðri að ánni.	0	0	3.000.000
Samtals				3.000.000	23.500.000	59.000.000



Mynd 8: Suðvesturland (Suðurnes og höfuðborgarsvæðið) – staðir í áætluninni fyrir árin 2019-2021.

8.2. Ferðamannaleiðir

Gönguleiðir í skilningi landsáætlunar eru að lágmarki tvær dagleiðir og þar af leiðandi er gíst í eina nótt. Unnið er að skilgreiningu á öðrum leiðum, viðfangsefnið þróað áfram og fleiri leiðir teknar inn.

Tafla 12: Samantekt á áætluðum verkefnum til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannaleiðum árin 2019-2021. Upphæðir koma einnig fram í lista yfir ferðamannastaði á viðkomandi landssvæði.

Leið	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2019-2021
Laugavegur frá Landmannalaugum til Þórsmerkur	Umhverfisstofnun, forsætisráðuneyti (þjóðlendur), Skógræktin, Rangárþing eystra, Ferðafélag Íslands, o.fl.	Friðland, á Náttúruminjaskrá	Aframhald stígagerðar frá Laugahrauni að Hrafninnuskeri	30.000.000
			Lagfæringar á göngustíg frá Vondugiljaaurum að Brennisteinsöldu.	51.000.000
			Smærra viðhald (árlegt) og merkingar	1.500.000
			Laugavegur - Tilraunaverkefni um gönguleiðir	30.000.000
Jökulsárgljúfur - hjólaleið	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Stígur frá Ási við Ásbyrgi í átt að Dettifossi gerður aðgengilegur hjólréiðafólki og umferð gangandi og hjólandi ferðafólks þannig aðgreind. 1. áfangi.	10.000.000
Samtals				122.500.000